

Fjallskilanevnd Álftaversafréttar

Fundur fjallskilanevndar Álftaversafréttar haldinn að Mýrum 1. september 2015.

Mættir eru Páll Eggertsson, Jóhannes Gissurarson, Örvar Egill Kolbeinsson og Þormar Ellert Jóhannsson.

1. Formaður setur fund og býður fundargesti velkomna. Lögð fram drög að fjallskilaseðli 2015 og þau samþykkt. Landverð 40% og fjártala 60%. Dagsverk samtals 90.
2. Jóhannes Gissurarson kosinn fjallkóngur áfram.
3. Áætlað að fara í 1. safn fimmtudaginn 10. september, með fyrirvara á hvernig veður reynist.
4. Daggjald á afrétti verður 13.613 kr. haustið 2015.
5. Ákveðið að kaupa fúgavörn á lögréttina, annað viðhald mannvirkja ekki ákveðið.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Þormar Ellert Jóhannsson